



## Fundur háskólaráðs 11. júní 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 06.06.2003  
Dags: 11.06.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

10/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, miðvikudaginn 11. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00. Fjórir fulltrúar í háskólaráði voru forfallaðir og var fundurinn því ekki ályktunarbær sökum fámennis.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurðsson, Þórður Harðarson, Þorsteinn Loftsson, Rögnvaldur Ólafsson og Davíð Gunnarsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram fundargerð 9. háskólafundar 23. maí 2003 ásamt vísinda- og menntastefnu Háskólans, samþykktir á háskólafundi 6. apríl 2001 með breytingum samþykktum á 9. háskólafundi 23. maí 2003.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs, dags. 5. júní 2003 ásamt skrá yfir úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2003. 1.3 Lagt fram bréf frá Húsafriðunarnefnd ríkisins, dags. 16. maí 2003, ásamt friðunarskjali. Í bréfinu kemur fram að ákveðið hefur verið að friða Aðalbyggingu Háskóla Íslands.
- 1.4 Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 20. maí 2003, þar sem óskað er eftir tilnefningu í Jafnréttisráð. Rektor hefur tilnefnt Guðnýju Guðbjörnsdóttur, prófessor í félagsvísindadeild og Guðna Elísson, lektor í heimspekideild sem fulltrúa Háskóla Íslands í Jafnréttisráð.
- 1.5 Lagt fram bréf frá áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema vegna kæru Sifjar H. Gröndal, Bjargar Jónsdóttur og Jóhanns M. Haukssonar. Drög að svarbréfi rektors lagt fram.
- 1.6 Lögð fram gögn frá fundi EUA í Graz 28. maí – 1. júní 2003.
- 1.7 Lagt fram bréf frá Félagi háskóla kennara, dags. 3. júní 2003, þar sem tilkynnt er um breytta félagsaðild.
- 1.8 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 28. maí 2003, þar sem fram kemur að Evrópuráðið hefur ákveðið að halda Evrópskan tungumáladag hátíðlegan 26. september ár hvert.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagðar fram endurskoðaðar reglur um rannsóknarnám í viðskipta- og hagfræðideild, sem samþykktar voru í deildinni 31. maí 2003.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Einari Ragnarssyni, forseta tannlæknadeildar, dags. 30. maí 2003. Óskað er eftir því að Helgi Magnússon adjunkt verði kallaður til þess að gegna sérstöku persónubundnu starfi lektors við deildina.
- 2.3 Lagt fram bréf frá Ágústi Einarssyni, forseta viðskipta- og hagfræðideildar, dags. 2. júní 2003. Fram kemur í bréfinu að deildarfundur í viðskipta- og hagfræðideild

haldinn 30. maí sl. samþykkir að óska eftir því að fá heimild til að taka skólagjöld í meistaránámi. Minnisblað frá akademískri stjórnslu dags. 11. júní 2003, lá fyrir fundinum.

- Málið var rætt ítarlega.

- 2.4 Lagt fram bréf frá Viðari Má Matthíassyni, formanni stjórnar Lagastofnunar Háskóla Íslands og Eiríki Tómassyni, deildarforseta lagadeildar, dags. 13. maí 2003. Óskað er eftir samþykki háskólaráðs til að breyta reglum um Lagastofnun Háskóla Íslands.
- 2.5 Lagt fram bréf frá Ólafi Oddssyni, ritara stjórnar Minningarsjóðs dr. phil. Jóns Jóhannessoar, dags. 22. mars 2003. Í bréfinu kemur fram að kjósa þarf í stjórn Minningarsjóðs dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.  
Rektor lagði til að í stjórnina verði kjörnir:  
Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í heimspekideild,  
Margrét Eggertsdóttir, fræðimaður á Stofnun Árna Magnússonar og  
Guðrún Ása Grímsdóttir, vísindamaður á stofnun Árna Magnússonar.
- 2.6 Lagðar fram niðurstöður nefndar um endurskoðun laga og reglna um dómnefndir og fleiri þætti ráðningarmála, dags. 10. júní 2003.  
- Inn á fundinn kom Páll Hreinsson, prófessor og formaður nefndarinnar, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans og gerðu grein fyrir niðurstöðum hennar. Málið var rætt.

Afgreiðslu allra erinda var frestað þar sem fundurinn var ekki ályktunarbær.

### **3. Mál á dagskrá**

- 3.1 Kynning á nýlegum dönskum lögum um háskóla.  
Páll Hreinsson og Tryggvi Þórhallsson gerðu rækilega grein fyrir framlögðu minnisblaði um nýja rammalöggjöf um danska háskóla og minnisblaði um helstu einkenni sjálfseignarstofnana. Í máli þeirra Páls og Tryggva kom m.a. skýrt fram, að mjög ólíkur skilningur er lagður í hugtakið „sjálfseignarstofnun” í dönsku háskólalögunum og íslenskum lögum. Málið var rætt ítarlega og svöruðu Páll og Tryggvi framkomnum spurningum og athugasemdum.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.05